



Beiðni um skilmála/skuldbreytingu á láni

Upplýsingar vegna lána hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Lánanúmer	Upphafleg fjárhæð	Útgáfudagur
Lánanúmer	Upphafleg fjárhæð	Útgáfudagur
Lánanúmer	Upphafleg fjárhæð	Útgáfudagur

Upplýsingar um skuldara

Skráður aðalskuldari	kt. aðalskuldara
Samskuldari	kt. samskuldara

Veðstaður

Vinsamlegast merkið á viðeigandi stað

Stytta/lengja lánstíma í _____ ár, frá upphaflegum lántökudegi

Fjölgun gjalddaga í 12 á ári

Vanskilum og kostnaði bætt við höfuðstól lánsins vegna greiðsluerfiðleika

Jafnar afborganir Jafngreiðslulán (annuitet)

Greiðsluhlé

Annað _____

Ástæður fyrir beiðni og aðrar upplýsingar

Upplýsingar vegna greiðslumats ef sjóðurinn óskar eftir því

Fjöldi barna á framfæri umsækjanda: _____ Fjöldi barna á leikskóla/dagvistun: _____

Fjöldi barna í frístund eftir skóla: _____ Börn í skólamötuneyti: _____

Fjöldi bifreiða: _____ Fjöldi daga sem barn/börn dvelja á öðru heimili í hverjum mánuði: _____

Aðrar upplýsingar sem lántaki vill koma á framfæri:



Vegna laga um peningaþvætti

Upplýsingar um stjórnómálag tengsl vegna peningaþvættis og fjármögnun hryðjuverka. Hefur þú/þið, náinn fjölskyldumeðlimur eða náinn samstarfsmaður verið í háttsettu starfi í opinberri þjónustu sl. 12 mánuði¹?

Já Nei

Til háttsettra einstaklinga í opinberri þjónustu teljast:

- þjóðhöfðingjar, ráðherrar og staðgenglar ráðherra eða aðstoðarráðherrar
- þingmenn
- einstaklingar í framkvæmdastjórn stjórnómálflokka
- hæstaréttardómarar, dómarar við stjórnlagadómstóla eða aðrir háttsettir dómarar við dómstóla þaðan sem niðurstöðu er ekki hægt að áfrýja nema í undantekningartilvikum
- dómarar við endurskoðunardómstóla og hæstráðendur seðlabanka
- sendiherrar, staðgenglar sendiherra og háttsettir yfirmenn herja
- fulltrúar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækja í eigu ríkis
- framkvæmdastjórar, aðstoðarframkvæmdastjórar og stjórnarmenn alþjóðasamtaka og alþjóðastofnana

Störf upptalin í lið a–h eiga ekki við um millistjórnendur

Til nánustu fjölskyldumeðlima teljast:

- maki eða sambúðarmaki í skráðri sambúð
- börn, stjúpbörn og makar þeirra eða sambúðarmakar í skráðri sambúð
- foreldrar

Til náninna samstarfsmanna teljast:

- einstaklingar sem hafa verið í atvinnurekstri með einstaklingi sem er eða hefur verið háttsettur í opinberri þjónustu
- einstaklingar sem hafa átt nán viðskiptatengsl við einstakling sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu
- einstaklingur sem er einn raunverulegur eigandi lögaðila sem vitað er að var stofnaður til hagsbóta fyrir einstakling sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu

¹ Ef aðstæður varðandi stjórnómálag tengsl breytast hjá lántaka á meðan samningssambandi stendur getur lántaki haft samband við sjóðinn og óskað eftir því að skráningunni sé breytt.



Samþykki umsækjanda og samskuldara (ef við á) fyrir öflun og notkun upplýsinga úr fjárhagskerfum og fjárhagslegra upplýsinga og annarra gagna í tengslum við lánsúmsókn þessa og greiðslumats.

Ég undirritaður/undirrituð veiti Lífeyrissjóði verzlunarmanna, kt. 430269-4459, (hér eftir „LV“) fullt og ótakmarkað umboð til að kalla eftir neðangreindum upplýsingum um eignarstöðu mína og fjárhags-skuldbindingar í tengslum við afgreiðslu á lánsúmsókn minni hjá sjóðnum:

- upplýsingar um stöðu allra útlána og annarra fjárskuldbindinga sem ég stend í við fjármálastofnanir og opinbera aðila, hvort sem um er að ræða banka, sparissjóði, greiðslukortafyrirtæki, lífeyrissjóði, skattayfirvöld, húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Innheimtustofnun sveitafélaga eða aðra aðila sem fallið geta hér undir;
- upplýsingar um fjárhagsskuldbindingar mínar, þ.m.t. vanskil, frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf., eða annars aðila sem hefur heimild til slíkrar gagnaöflunar og tekur saman yfirlit um skuldastöðu og fjárskuldbindingar;
- upplýsingar um eignastöðu, þ.e. fasteigna- og ökutækjæign, í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu, eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra upplýsinga skv. 6. tl. 1.mgr. 3 gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir „persónuverndarlög“);
- upplýsingar um greiðslu meðlaga, ef við á, frá Innheimtustofnun sveitarfélaga, þ.e. upplýsingar um mánaðarlega greiðslubyrði, samkomulög og greiðslustöðu, þar með talið hvort um vanskil er að ræða.

Umboð þetta veitir Creditinfo Lánstrausti hf., heimild til öflunar upplýsinga frá Skattinum. Í því felst heimild til öflunar upplýsinga um launatekjur úr staðgreiðsluskrá allt að tólf mánuði aftur í tíma frá því óskað er eftir þeim samkvæmt umboði þessu. Einnig heimild til að sækja síðasta skattframtal auk heimildar til þess að afla upplýsinga um álagningu vaxta- og barnabóta ef við á. Heimild til öflunar upplýsinga frá Skattinum gildir í 180 daga frá dagsetningu umboðs þessa.

Ennfremur veitir umboð þetta Creditinfo Lánstraust hf. heimild til að miðla framangreindum upplýsingum frá skattayfirvöldum til LV,

kt. 430269-4459 í tengslum við ákvarðanatöku um lánsviðskipti. Creditinfo Lánstraust hf. sækir framangreindar upplýsingar til Skattsins fyrir hönd LV á grundvelli samnings milli aðila.

Ég undirritaður/undirrituð veiti LV einnig heimild til að sækja upplýsingar um lánshæfismat mitt til Creditinfo Lánstrausts hf., eða annars aðila sem hefur heimild til slíkrar gagnaöflunar og vinnslu. Lánshæfismat spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum úr vanskilaskrá, hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánshæfismats.

Ég undirritaður/undirrituð samþykki og heimila að framangreindar upplýsingar, ásamt öðrum upplýsingum sem veittar eru í tengslum við lánsúmsókn, verði nýttar og sóttar í tengslum við ákvörðunartöku LV um lánsviðskipti.

Samþykki þetta fellur úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur LV heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkisyfirlýsingu þessari.

Heimilt er að afturkalla samþykki þetta hvenær sem er og tekur afturköllunin gildi, frá og með staðfestingu LV á móttöku, hvað varðar öflun og vinnslu sem ekki hefur þá þegar átt sér stað. Afturköllun á samþykki kann þó að hafa áhrif á viðskipti aðila og getur leitt til þess að LV geti ekki afgreitt lánsúmsókn.

Hvíli skyldur á LV, samkvæmt lögum, reglum eða öðrum opinberum fyrirmælum, að miðla upplýsingum sem verða til við gerð greiðslumats til opinberra aðila, t.d. Seðlabanka Íslands og Ríkisskattstjóra, eru þær unnar og þeim miðlað í samræmi við persónuverndarlög.

LV kemur fram sem ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga hvað varðar vinnslu á þeim upplýsingum sem aflað er og unnið með á grundvelli þessa samþykkis. LV kann að fela Creditinfo Lánstrausti hf. að vinna upplýsingarnar fyrir sína hönd og kemur Creditinfo Lánstraust hf. þá fram sem vinnsluaðili.

Nánari upplýsingar um meðferð LV á persónuupplýsingum umsækjanda má finna í persónuverndarreglum sjóðsins sem aðgengilegar er á vefsíðu þess, <https://www.live.is/sjodurinn/reglur-og-samthykktir/personuverndarreglur/>.

Undirritaður/undirrituð lýsir hér með yfir að hafa kynnt sér lánareglur LV og samþykkir með undirritun sinni skilmála um öflun og notkun LV á þeim persónuupplýsingum sem tilgreindar eru hér að ofan.

Undirritaður/undirrituð samþykkir jafnframt að deila upplýsingum um niðurstöðu lánshæfismat með þeim aðila sem tilgreindur er sem samskuldari lánsins í lánsúmsókn.

Undirskrift

Staður og dagsetning

Undirskrift aðalskuldara

Símanúmer

Netfang aðalskuldara

Ef beiðnin er samþykkt er útbúinn viðauki við skuldabréfið sem allir hlutaðeigendur þurfa að undirrita. Því skjali er þinglýst hjá viðkomandi sýslumannsembætti.

Undirskrift samskuldara

Símanúmer

Netfang samskuldara

Afgreiðsla úmsóknar

Sjóðnum er heimilt að hafna úmsókn ef niðurstaða gefur tilefni til þess.

Athugið að skilyrði er að lán umsækjanda hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna séu í fullum skilum